

**Mennta- og
menningamálaráðuneyti:**

**Úttekt á
Beauty Academy**

Apríl, 2013

Ásrún Matthíasdóttir
Unnar Hermannsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Samantekt niðurstaðna	3
3	Skólinn og umhverfi hans	5
3.1	Beauty Academy	5
3.2	Fyrirkomulag náms og inntökuskilyrði	5
3.3	Starfsfólk	8
3.4	Aðbúnaður	9
3.5	Helstu einkenni	10
3.6	Mat úttektaraðila	11
4	Stjórnun	12
4.1	Stjórnskipulag	12
4.2	Skólaráð	13
4.3	Hagsmunir nemenda	13
4.4	Mat úttektaraðila	14
5	Nám og kennsla	15
5.1	Menntun kennara og starfsaðstaða	15
5.2	Kennsluhættir	15
5.3	Námsmat	17
5.4	Fyrirkomulag starfsnáms og framtíð nemenda	19
5.5	Mat úttektaraðila	21
6	Skólabragur og samskipti	23
6.1	Starfsandi og skólabragur	23
6.2	Innra mat	23
6.3	Mat úttektaraðila	26
7	Niðurstöður og mat úttektaraðila	27
7.1	Styrkleikar og veikleikar	27
7.2	Niðurstöður úttektaraðila	27
A	Viðaukar	30
A.1	Heimildaskrá	30
A.2	Skólareglur Beauty Academy	31
A.3	Dagskrá vettvangsheimsóknar	33

1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum úttektar á starfsemi Beauty Academy, Ármúla 21, Reykjavík. Úttektin er gerð á grundvelli 12. greinar laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerðar nr. 426/2010. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi Beauty Academy með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Í úttektinni skal m.a. lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Skólann og umhverfi hans
- Stjórnun
- Nám og kennslu
- Skólabrag og samskipti

Úttektin byggir á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, viðtölum við einstaklinga og hópa og vettvangsathugunum. Tekin voru viðtöl við fulltrúa nemenda, kennara, annars starfsfólks, skólaráðs, auk stjórnenda. Meðal þeirra fyrirliggjandi gagna sem úttektin byggir á eru mikilvægust skólanámskrá og starfsáætlun skólans, gögn um innra mat, kennsluáætlanir auk annarra tölfræðilegra gagna um starfsemi Beauty Academy.

Verkið var unnið á tímabilinu 15. janúar – 15. apríl 2013. Vettvangsheimsókn fór fram 27. febrúar sl. og var gengið um húsakynni skólans í fylgd stjórnenda. Viðtöl voru framkvæmd við alla helstu hagsmunaaðila og stóðu þau frá 10:00 til um 16:00.¹ Viðtöl og val á viðmælendum höfðu verið undirbúin í samræmi við tilmæli ráðuneytis og nutu úttektaraðilar m.a. aðstoðar skólastjóra við skiplulagningu vettvangsheimsóknar. Vel var tekið á móti úttektaraðilum af stjórnendum skólans og fóru viðtölin öll vel fram. Viðtölin voru hljóðrituð til hægðarauka við vinnslu verksins og var þeim gögnum eytt af úttektaraðilum við verklok.

¹ Sjá dagskrá vettvangsheimsóknar í viðauka A4.

Fyrirliggjandi gögn fengu úttektaraðilar send fyrir vettvangsheimsókn frá stjórnendum skólans. Voru gæði gagnanna almennt mjög góð að mati úttektaraðila. Mikið af lykilgögnum voru þegar aðgengileg á heimasíðu skólans (http://www.fashionacademy.is/index.php?option=com_content&view=article&id=51&Itemid=15&lang=is) sem er fróðleg jafnt sem gagnleg síða og nýttist úttektaraðilum við vinnslu verksins.

Úttektaraðilar voru í góðu sambandi við stjórnendur Beauty Academy meðan á úttektinni stóð og fengu frekari upplýsingar eftir atvikum. Í samræmi við tilmæli ráðuneytis hefur skólastjóri fengið skýrslu þessa til yfirlestrar og athugasemda. Er það engu að síður að lokum í höndum úttektaraðila hvort og að hvað miklu leyti tekið er tillit til þeirra athugasemda sem fram kunna að koma.

Vilja úttektaraðilar þakka öllum viðmælendum og einkum stjórnendum Beauty Academy fyrir afar gott samstarf á verktímanum. Er það von úttektaraðila að niðurstöður verkefnisins megi nýtast til að gera skólastarfið enn betra. Til þess að auka nytsemi skýrslunnar fyrir alla hlutaðeigandi hafa úttektaraðilar haft að leiðarljósi að hafa skýrsluna eins hnitmiðaða og þeim er kostur, í stað málalenginga um atriði sem lesendum eru mögulega betur kunn en úttektaraðilum. Jafnframt eru helstu niðurstöður og tillögur settar fram í punktaformi af sömu ástæðum. Eftirfarandi niðurstöður byggja á faglegu og sjálfstæðu mati úttektaraðila sem þeir einir bera ábyrgð á.

2 Samantekt niðurstaðna

Að mati úttektaraðila hefur skólastarf farið vel af stað í snyrtifræði við Beauty Academy frá og með upphafi árs 2012. Um mjög fámennan skóla er að ræða, þar sem nemendur innan við 20 talsins og eru þeir ánægðir með námið. Inntökuskilyrði eru skýr og uppfylla allir nemendur þau skilyrði. Kennarar við skólann eru sex talsins, þar með taldir skólastjóri og kennslustjóri sem jafnframt sinna kennsluskyldum. Í samræmi við kröfu skólans eru allir kennarar ýmist með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi, eða vinna að því að öðlast þau réttindi. Kennarar við skólann eru ánægðir í starfi.

Stjórnun skólans er skilvirk að mati úttektaraðila. Verkaskipting er skilgreind og skýr, aðgengi gott að stjórnendum og samskipti virðast almennt opin og óheft. Gætt er að aðkomu helstu hagsmunaaðila við ákvarðanatöku. Skólaráð er virkt og samsetning þess í samræmi við kröfur. Fundað er reglulega og var fundargerð ráðsins aðgengilegar úttektaraðilum. Nemendaráð er jafnframt virkt við skólann, trúnaðarmenn nemenda starfandi í hverjum námshópi og gætt að andmælarétti nemenda, svo sem við prófsýningar.

Skólanámskrá Beauty Academy er greinargóð, ágætlega uppsett og aðgengileg á heimasíðu skólans. Starfsfólk og skólastjórnendur koma að gerð skólanámskrár og stefnu skólans. Skýr tengsl eru við aðalnámskrá framhaldsskóla.

Aðstaða Beauty Academy er til fyrirmyndar að mati úttektaraðila. Húsnæði skólans í Ármúla var standsett með tilliti til krafna slíks náms, og er bæði bjart og rúmgott. Öll kennslurými, bæði fyrir bóklegt og einkum verklegt nám, auk sameiginlegra rýma voru til fyrirmyndar. Tæki og tól til verklegrar kennslu voru ný, en rétt er að taka fram að hvorugur úttektaraðila eru sérfræðingar í snyrtifræði og því vart dómbærir á gæði umrædds búnaðar. Bæði kennarar og nemendur lýstu yfir ánægju sinni með allan aðbúnað og tækjakost.

Starfsandi og skólabragur í Beauty Academy er góður. Samheldni ríkir á meðal starfsmanna, stjórnenda og nemenda skólans. Agavandamál og einelti virðast ekki til staðar. Félags- og tómsundastarf nemenda er gott. Nemendur eru ánægðir með

skólastarfið, samheldni ríkir í nemendahópnum og vel er stutt við bakið á þeim í félagsstarfinu.

Fjölbreytni kennsluhátta við skólann er talsverð og stjórnendur jafnt sem kennarar meðvitaðir um mikilvægi þess. Stöðugt er unnið að fjölbreytni námsmats í skólanum. Við skólann er unnið að innra mati í samræmi við gildandi kröfur. Eðli málsins samkvæmt er innra gæða- og þróunarstarf á byrjunarreit en þegar hefur nokkuð verið unnið á þeim vetvangi, t.d. kennslumat sem og nafnlausar kannanir m.a. um líðan nemenda. Starfsmannasamtöl fara fram árlega.

3 Skólinn og umhverfi hans

3.1 Beauty Academy

Beauty Academy er hluti af Fashion Academy Reykjavík sem er miðstöð náms í greinum tengdum tísku, heilsu og fegurð.² Beauty Academy er einkaskóli á framhaldsskólastigi þar sem boðið upp á nám í snyrtifræði til undirbúnings fyrir sveinspróf. Skólinn hóf starfsemi í upphafi árs 2012, þegar fyrsti hópur nema í snyrtifræði hóf nám á fyrstu önn af þremur. Við skólann starfar sérstakt fagráð þar sem koma saman fulltrúar snyrtifræðinnar. Einkunnarorð skólans eru, fræðsla, heilbrigði og fagmennska.

Uppruna skólans má rekja til þess þegar aðstandendur annars vegar *Elite á Íslandi* og hins vegar *Beauty World á Íslandi* sem þegar hafði hafið undirbúning að snyrtifræðinámi á framhaldsskólastigi, lögðu saman krafta sína og stofnuðu saman til *Fashion Academy Reykjavík*. Hentugt húsnæði fyrir starfsemina var fundið og hannað í kringum þarfir hennar, einkum snyrtifræðinámsins, sem er umfangsmesti þáttur starfseminnar og sá eini sem sinnt er í dagskólaformi og heyrir þ.a.l. undir mennta- og menningamálaráðuneyti.

Fyrsti námshópurinn í snyrtifræði, á fyrstu önn af þremur, hóf nám við Beauty Academy þann 12. mars 2012. Nemendur við skólann eru nú 18 talsins.

3.2 Fyrirkomulag náms og inntökuskilyrði³

Beauty Academy veitir menntun í snyrtifræði. Námið við skólann er skilgreint sem 11 mánaða heildstætt nám. Kennt er að jafnaði í þremur 15 vikna lotum eða önnum. Við lok þriðju námsannar er gert ráð fyrir að nemendur brautskráist frá skólanum og starfsþjálfun á snyrtistofu hefjist undir leiðsögn meistara. Starfsþjálfunartími nemenda er samtals 10 mánuðir. Námi í snyrtifræði lýkur með sveinsprófi.

² http://www.fashionacademy.is/index.php?option=com_content&view=article&id=15&Itemid=21&lang=is

³ Sjá einnig kafla 5 hér að neðan.

Snyrtifræðinámið er í heild sinni 152 einingar. Almennar greinar eru 24 einingar (sjá töflu 1), almennar stuðningsgreinar (EFN, HBF, LOL, MDL, NÁT, NÆR, SKY) sem nemandi má taka samhliða námi eru 23 einingar (sjá töflru 2) ásamt 65 einingum í snyrtigreinum sem kenndar eru í Beauty Academy. Starfsþjálfun, sem framkvæmd er á snyrtistofu, er jafngildi 40 vikna og 40 eininga.

Tafla 1. Almennar greinar (24 ein.)

<i>Námsgrein</i>	<i>Áfangar</i>	<i>Fjöldi einingna</i>
Íslenska	ÍSL 102, 202	4 ein.
Erlend tungumál	DAN 102; ENS 102 +4 ein	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 + 2 ein	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101, 111, 201, 211, 3x1	5 ein.

Tafla 2. Almennar sérgreinar (23 ein.)

<i>Námsgrein</i>	<i>Áfangar</i>	<i>Fjöldi einingna</i>
Efnafræði	EFN 123	3 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF 103	3 ein.
Líffæra og lífeðlisfr.	LOL 103, 203	6 ein.
Myndlist	MDL 152	2 ein.
Náttúrufræði	NÁT 103, 123	6 ein.
Næringarfræði	NÆR 102	2 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.

Starfsþjálfun á snyrtistofu eða vinnustaðanám er hugsað til að auka færni nemenda til þess að takast á við raunveruleg verkefni í fyrirtækjum, þjálfa verktækni og fagleg vinnubrögð. Fyrirtæki sem gerir samning um þjálfun nemenda á vinnustað skuldbindur sig til fylgja þeim markmiðum sem tilgreind eru fyrir snyrtifræðinám og að framfylgja þeim námsþáttum og verklegri þjálfun nemandans sem iðngreinin gerir kröfu um. Þau fyrirtæki sem samþykkt eru af nemaleyfisnefnd geta ein tekið við nemum í starfsþjálfun. Gert er ráð fyrir að ferillbók fylgi nemandanum þar sem gerð er grein fyrir verklegri þjálfun hans í vinnustaðanáminu – verkefnum er lýst og mat lagt á frammistöðu hans, verktækni, vinnuhraða og hæfni til að veita þjónustu. Nemandinn og atvinnurekandi bera sameiginlega ábyrgð á skráningu ferillbókar.

Nám í snyrtifræði er skipulagt með þeim hætti að nemendur taka bæði bóklegt og verklegt nám á hverri önn. Fram kom í máli nemenda við skólann að almenn ánægja ríkir með námið og þá þjónustu sem skólinn veitir. Lögð er áhersla á samvinnu nemenda, bæði innan námshópa og á milli þeirra. Helst nefndu nemendur að nokkurs óskiplags hafi gætt á stundum í upphafi, en þó ekkert sem hamlaði gæðum náms. Töldu nemendur það eðlilegt með hliðsjón af því að um nýjan skóla væri að ræða. Jafnframt kom fram að skipulag forfallakennslu mætti vera skilvirkara.

Hámarksfjöldi nemenda sem mögulegt er að taka inn í Beauty Academy er að sögn stjórnenda 16 nemendur á önn. Við skólann voru samtals 18 nemendur þegar vettvangsheimsókn fór fram, þar af 3 nemendur á þriðju önn, 8 nemendur á annarri önn og 7 nemendur á fyrstu önn. Skólastjóri vonaðist til að nýnemar á fyrstu önn 2013 yrðu um 10 talsins. Brottfall úr Beauty Academy hefur ekkert verið til þessa⁴.

Skólagjöld við skólann eru kr. 1.690.000,- fyrir námið í heild og er námið lánshæft hjá LÍN. Fram kom í máli nemenda að útgreiðslukerfi LÍN hentaði hins vegar skipulagi snyrtifræðinámsins illa og skapaði það nemum við skólann fjárhagslegt óhagræði. Allt námsefni er hluti af skólagjöldum, sem og búningar sem nemendum ber skylda til að mæta í, bæði til verklegrar og bóklegrar kennslu.

⁴ Skv. ársskýrslu Beauty Academy hefur einn nemi tekið sér hlé frá námi við skólann.

Inntökuskilyrði í skólann eru að nemandi sé orðin 18 ára. Nemendur þurfa að hafa lokið að mestu námi í almennum greinum og almennum sérgreinum (sjá yfirlit hér að neðan). Allir nemendur við skólann uppfylla inntökuskilyrðin.

Allir umsækjendur skólans koma í viðtal hjá skólastjóra Beauty Academy áður en nám hefst. Skólastjóri fer yfir fyrra nám með nemanda og útskýrir skipulag námsins. Skólastjóri veitir umsækjendum ráðgjöf og aðstoð varðandi þá undanfara sem þeir þurfa að ljúka áður en nám hefst eða hægt er að taka samhliða náminu.

3.3 Starfsfólk⁵

Í skólanum starfa nú 4 kennarar auk skólastjóra og kennslustjóra sem jafnframt sinna kennslu. Framkvæmdastjóri Fashion Academy kemur einnig að rekstri skólans, þó einkum því er snýr að fjármálum og rekstri, en skólastjóri Beauty Academy ber faglega ábyrgð á starfsemi skólans. Þegar vettvangsheimsókn úttektaaðila fór fram var sjöundi kennarinn væntanlegur í hópinn.

Að sögn forsvarsmanna skólans fengu þau undanþágu mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna kennsluréttinda kennara á framhaldsskólastigi, en erfitt hefur reynst að fá kennara í snyrtifræði til starfa sem þegar eru með slík kennsluréttindi. Þrír þeirra sex kennara sem starfa við skólann eru með slík réttindi, en í samræmi við stefnu Beauty Academy um að hafa einungis réttindakennara við störf, eru hinir þrír að afla sér þeirra réttinda samhliða kennslunni. Nokkrir kennarar hafa kennslureynslu frá Snyrtiakademíunni í Kópavogi, jafnframt því sem flestir þeirra námu snyrtifræði við Fjölbrautarskólann í Breiðholti á sínum tíma.

Tveir kennarar eru í 100% starfshlutfalli við Beauty Academy og sá þriðji í rétt tæplega fullu starfi. Aðrir kennarar eru í 40-75% starfshlutfalli og starfa sumir á snyrtistofum samhliða kennslunni. Við skólann starfar auk þess ritari og bókari í fullu starfi. Allir starfsmenn Beauty Academy eru kvenkyns.


Að sögn bæði kennara og stjórnenda er starfsandi góður og er mikið lagt uppúr samstarfi kennara og stuðningi þeirra hvor við aðra. Kennarafundir eru haldnir reglulega og starfsmannaviðtöl árlega.

⁵ Sjá einnig kafla 5.1 hér að neðan

3.4 Aðbúnaður

Aðbúnaður Beauty Academy er góður, en húsnæði skólans var hannað með starfsemi snyrtifræðiskólans í huga og er bæði rúmgott, bjart og nýstandsett. Skólinn

er einstaklega vel útbúin af tækjabúnaði og rafknúnum snyrti- og nuddbekkjum. Það eru samtals sjö kennslustofur fyrir snyrtifræðinámið og þar af eru 5 verklegar stofur⁶. Stefna skólans er að allur



aðbúnaður og tækjabúnaður standist samanburð við það sem best gerist erlendis, og er ekkert sem bendir til annars en að það hafi tekist að mati úttektaraðila.

Að sögn stjórnenda voru þeir hafðir með í ráðum strax í undirbúningsferli að snyrtifræðináminu og kynntu sér m.a. tækjabúnað og aðra aðstæður við sambærilega skóla erlendis. Því voru bæði húsnæði og allur annar aðbúnaður hannaður eftir óskum forsvarsmanna námsins.

Kennarar eru almennt mjög ánægðir með starfsaðstöðu sína, telja að kennslustofur séu góðar og almennt vel búnar. Sérstaklega séu verklegar stofur vel búnar nýjasta búnaði. Vinnuaðstaða fyrir kennara var einna helst nefnd sem ábótavant, en verið var að gera úrbætur á henni þegar vettvangsheimsókn fór fram. Nemendur komu jafnframt á framfæri að bæta mætti loftræstingu í bóklegri kennslustofu. Að sögn stjórnenda stendur til að bæta við annarri bóklegri kennslustofu, en fundarherbergi

⁶ Ársskýrsla Beauty Academy: Skólaárið 2012-2013, bls. 4.


hafi oft nýst vel til bóklegrar kennslu smærri nemendahópa. Skrifstofuaðstaða annars starfsfólks en kennara er góð í björtu, opnu rými.

Nemendur hafa stórt eigið rými í kjallara hússins til eigin nota, t.d. heimanáms, þar

sem m.a. er búnings- og sturtuaðstaða fyrir bæði kyn (þótt allir starfsmenn og nemendur séu kvenkyns, a.m.k. hingað til).

Nemendur

sögðust almennt dvelja nánast alla virka daga í



skólahúsnæðinu frá morgni til um kl. 15-16, en eftir kl. 16.30 hafa aðrir hópar *Fashion Academy* forgang að húsnæðinu.

Húsnæðið er nýtt um kvöld og helgar af *Fashion Academy* til ýmiskonar námskeiðahalds og að sögn nemenda hefur komið fyrir að það skapi ónæði, t.d. við uppröðun borða í kennslurýmum í upphafi dags. Annars telja nemendur sambúð hagsmunaaðila innan *Fashion Academy* í húsnæðinu almennt mjög góða.

3.5 Helstu einkenni

Samkvæmt opinberum gögnum skólans er markmið Beauty Academy að:

- Veita nemendum menntun sem sniðin er að þörfum þeirra.
- Veita frjótt vinnuumhverfi fyrir nemendur og starfsmenn.
- Veita nemendum aðbúnað og leiðsögn um heilbrigðan lífsstíl.

- Að bæði aðstæður og aðbúnaður sé fyrsta flokks og til fyrirmyndar.
- Að leggja áherslu á fagmennsku og framsýni kennara og þeir hvattir til að veita bestu fánlegu menntun sem völ er á.
- Að kennarar skólans leggi metnað í að beita fjölbreyttum og skapandi kennsluháttum
- Að virkja nemendur á jákvæðan og uppbyggilega hátt bæði í skóla sem og heima fyrir.
- Að útskrifa framúrskarandi fagfólk.

3.6 Mat úttektaraðila

- Kennslufyrirkomulag virðist ganga vel og er m.a. tekið mið af sama fyrirkomulagi og stuðst hefur verið við í Snyrtiakademíunni í Kópavogi.
- Inntökuskilyrði skólans eru skýr og uppfylla allir nemendur skólans þau skilyrði.
- Aðstaða er öll til fyrirmyndar. Stjórnendur voru hafðir með í ráðum allt frá hönnunarstigi allrar aðstöðu fyrir snyrtifræðinámið.
- Kennarar eru allir ýmist með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi eða að afla sér þeirra.
- Nám við skólann er lánshæft hjá LÍN, en útgreiðslufyrirkomulag LÍN hentar hins vegar skipulagi snyrtifræðinámsins við Beauty Academy illa og skapar nemendum við skólann fjárhagslegt óhagræði.
- Almenn ánægja nemenda, kennara og stjórnenda með fyrirkomulag námsins í snyrtifræði og fyrstu misserin í sögu skólans.
- Helst voru vinnuaðstaða kennara sem og loftræsting í bóklegu kennslurými ábótavant, en unnið er að lagfæringum á hvoru tveggja.

4 Stjórnun

Þriggja manna stjórn Beauty Academy ber yfirábyrgð á skólanum. Í þeirri stjórn eru framkvæmdastjóri, skólastjóri og kennslustjóri. Hlutverk stjórnarinnar er að setja skólanum markmið og móta skólann. Framkvæmdastjóri ber fjárhagslega ábyrgð á daglegum rekstri skólans auk þess að sinna markaðs- og starfsmannamálum. Skólastjóri og kennslustjóri bera ábyrgð á faglegum þætti skólans, eftirfylgni námskrár, inntöku nemenda og öðru er viðkemur námskrá skólans. Samkvæmt starfslýsingu skólastjóra veitir hann skólanum faglega forstöðu, daglegri stjórnun, ber ábyrgð á innra starfi innan skólans og jafnframt á faglegu starfi og rekstri. Allt starf skólans skal taka mið af gildandi framhaldsskólalögum, aðalnámsskrá framhaldsskóla og reglugerðum um skólahald eins og það er á hverjum tíma. Skólastjóri skal í öllu starfi sínu leitast við að veita öfluga og faglega forystu og að vera vakandi fyrir nýjungum sem eru til framfara í skólastarfi. Jafnframt skal hann leitast við að hafa forgöngu um að efla og viðhalda góðum starfsanda meðal nemenda, kennara og annars starfsfólks skólans.⁷

4.1 Stjórnskipulag

Í skólanámskrá er lítið fjallað um stjórnun skólans umfram ofangreint, en þó er tilgreint hvaða aðilar fara með stjórnun skólans. Verkaskipting stjórnenda er skýr og liggur fyrir í skriflegum gögnum skólans. Skólastarfið virðist almennt vera í mjög föstum skorðum og í samræmi við skólanámskrá. Hefur skólastjóri m.a. lagt áherslu á auðvelt aðgengi að stjórnendum og sýnileika enda jafnframt einn af kennurum skólans.

Stjórnskipulag skólans virðist skilvirkt og gætt er að því að helstu ákvarðanir séu teknar að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Samstarf stjórnenda hvort heldur við annað starfsfólk eða nemendur virðist mjög gott.

⁷ Starfslýsing skólastjóra Beauty Academy.

4.2 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við Beauty Academy⁸. Í skólaráði sitja skólastjóri, kennari, framkvæmdastjóri og fulltrúar nemenda úr hverjum bekk. Skólaráðsfundir eru haldnir að jafnaði þrisvar á ári. Skólaráð/skólastjóri sjá m.a. um ágreiningsmál nemenda telji þeir að brotið hafi verið á rétti þeirra.

Skólaráð þykir skilvirkur samráðsvettvangur allra helstu hagsmunaaðila Beauty Academy og styrkir bakland stjórnenda að þeirra mati. Almenn ánægja er með skipan ráðsins og starf þess.

4.3 Hagsmunir nemenda

Við Beauty Academy er starfandi nemendafélag sem fundar reglulega. Í félaginu eru fulltrúar af öllum þremur námsönnum skólans. Nemendafélagið undirbýr og skipuleggur félagslíf og viðburði auk annarra tilfallandi verkefna. Að starfi nemendafélags koma einnig kennarar og stjórnendur eftir atvikum. Trúnaðarmenn nemenda starfa við skólann og einnig eiga nemendur sinn fulltrúa í skólaráði í samræmi við gildandi lög og reglugerð.

Að sögn nemenda eru samskipti þeirra við stjórnendur og kennara mjög góð og tekið tillit til óska og sjónarmiða nemenda við ákvarðanatöku er varðar hagsmuni þeirra. Almenn ánægja er meðal nemenda með félagslíf í skólanum og samskipti nema bæði innan hópa og á milli námsanna. Áhersla er lögð á samskipti allra nemenda, enda skólinn fámennur, og samheldni virðist mikil meðan nemendahópsins. Að sögn stjórnenda reyna þeir að stuðla að samkennd hópsins, t.a.m. með reglulegu hópefli og uppákomum til að styrkja tengslin.

⁸ Fundargerð skólaráðs, dags. 17/01/2013

4.4 Mat úttektaraðila

- Stjórnun Beauty Academy er skilvirk að mati úttektaraðila. Verkaskipting er skilgreind og skýr, aðgengi gott að stjórnendum og samskipti virðast almennt opin og óheft. Gætt er að aðkomu helstu hagsmunaaðila við ákvarðanatöku.
- Skólaráð er virkt við skólann og samsetning þess í samræmi við kröfur. Fundað er reglulega og voru fundargerðir ráðsins aðgengilegar úttektaraðilum.
- Nemendafélag er starfrækt við skólann og trúnaðarmenn nemenda virkir. Markvisst er unnið að hópefli og samkennd nemendahópsins bæði af stjórnendum og nemendum sjálfum.

5 Nám og kennsla

Í skólanámsskrá Beauty Academy kemur fram að skólinn vill bjóða upp á metnaðarfullt nám og að kennarar leggi áherslu á að beita fjölbreyttum og skapandi kennsluháttum og hafi afburðaþekkingu á sínu sviði. Það er markmið Beauty Academy að skólinn hafi ávallt á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum sem hafa frumkvæði, veita góða þjónustu og geta brugðist við síbreytilegum þörfum skjólstæðinga sinna. Nám í snyrtifræði við skólann er 3 annir og að því loknu fara nemendur í 10 mánaða starfsþjálfun og hafa þá rétt til að taka sveinspróf.

5.1 Menntun kennara og starfsaðstaða

Við Beauty Academy starfa 6 kennara og er helmingur þeirra með kennsluréttindi í snyrtifræði en mikið er lagt upp úr að eingöngu kennarar með réttindi starfi við skólann. Skólinn hefur fengið undanþágu mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir 3 kennara en þeir eru í allir í námi til að öðlast slík kennsluréttindi. Einn kennari til viðbótar vinnur í afleysingu við skólann og er hann að sækja um kennsluréttindi í snyrtifræði. Útlit er því fyrir að á næsta ári muni allir fastráðnir kennara vera með tilskilin réttindi.

Góður andi er í kennarahópnum og rætt um að allar boðleiðir væru stuttar og auðvelt að leita ráða hjá stjórnendum. Kennara hafa góða vinnuaðstöðu í verklegum stofum þar sem vinnuaðstaðan telst vera einstaklega góð og vonduð enda öll tæki í háum gæðaflokki og allt skipulag unnið í samráði við kennara. Kennarar hafa einnig sérstakt vinnusvæði og er unnið af því að skipuleggja betri aðstöðu fyrir kennara þar og gera það meira aðlaðandi.

5.2 Kennsluhættir

Einn af áherslupáttum í skólastarfi Beauty Academy er fjölbreytni í kennsluháttum. Það birtist m.a. í viðhorfi og þekkingu kennara á faginu og skilningi á mikilvægi bæði bóklegra og verklegra þátta í náminu. Fram kom í viðtölum við kennara að þeir eru

meðvitaðir um fjölbreytta samsetningu nemendahópsins, bæði hvað varðar aldur og undirbúning og leggja þeir sig fram um að koma til móts við þarfir nemenda með margvíslegum hætti. Kennarar meta út frá viðfangsefninu hverju sinni, einstaklingunum og nemendahópnum hvaða aðferðir henti best til kennslunnar. Fram kom að mikið er um flókin fagorð/heiti í náminu sem nemendum getur reynst erfitt að ná tökum á og því er reynt að hafa framsetninguna fjölbreytta og nota eins mikið og mögulegt er myndræna framsetningu og í bóklega náminu, s.s. myndir og myndbönd. Einnig eru nemendur látnir leysa og skila af sér verkefnum á margvíslegan hátt, t.d. með myndbandagerð þar sem þeir sýna hvernig þeir vinna ákveðin verkefni. Nemendur eru nokkuð tölvuvæddir en nýta einnig mikið skriflegar glósur.

Ekki er eiginlegt kennslukerfi, s.s. Module, notað við skólann heldur nýta kennara tölvupóst, Facebook og SMS til samskipta og til að dreifa efni en kennara senda nemendum, t.d. glósur, glærur og verkefni í tölvupósti. Mikil ánægja var meðal nemenda með skjóta og góða þjónustu kennara í gegnum tölvupóst og Facebook og lögðu þeir áherslu á að rafræn samskipti styddi þá í námi.

Stöðugt er unnið að þróun fjölbreyttra kennsluhátta í Beauty Academy, m.a. á sér stað mikil hugmyndavinna meðal kennara. Sú vinna er einnig unnin í samvinnu við nemendur sem eru beðnir um að koma með sínar hugmyndir, t.d. um verkefni. Sem dæmi má nefna þá nýbreytni að halda spurningakeppnir tengdar námsefni sem hefur það gengið mjög vel og vakið mikla ánægju meðal nemenda. Lögð er áhersla á verkefnavinnu, þ.e. vinna með efnin og tæki í stað þess bara að hlusta og tala um þau, til að auðvelda nemendum að öðlast skilning og þekkingu á faginu og þjálfast í vinnubrögðum.

Nám og kennsla í snyrtifræði miðast við að veita almenna, faglega undirstöðumenntun í greininni, auka færni nemenda í meðferð snyrtivara og beitingu áhalda og tækja. Leitast er við að þjálfra sjálfstæð vinnubrögð nemenda og auka hæfileika og getu þeirra til samvinnu við aðra. Þá er stefnt að því að nemendur auki færni sína til þess að standast kröfur iðngreina um nákvæmni, áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Snyrtifræðingar vinna í mikilli nálægð við viðskiptavinum sínum og því

mikilvægt að þjálfra samskiptafærni nemenda og getu þeirra til þess að öðlast skilning á þörfum viðskiptavina sinna. Í námskrá snyrtibrautar er lögð áhersla á að rækta með nemendum jákvætt viðhorf til gæða í þjónustu. Vinnustaðanáám er skipulagt á þann hátt að um er að ræða sjálfstæða þjálfun úti í fyrirtækjum. Skipulag þess tekur mið af lokamarkmiðum námsins. Markmið vinnustaðanámsins er m.a. að þjálfra nemandann til þess að takast á við sífellt flóknari viðfangsefni þar sem saman fara vinnuhraði, fagleg vinnubrögð, nákvæmni, færni og kröfur um að fyllstu öryggisþáttum sé fullnægt. Krafa um aukin gæði og þjónustu fyrirtækja er stöðug og vaxandi og því er það mikilvægt að fagfólk í snyrtifræði hugi vel að möguleikum sínum til símenntunar.⁹

Mikið af verkefnum eru unnin í kennslutímum en einnig gert ráð fyrir að nemendur æfi sig heima og fá þeir sérstaka tösku frá skólanum með ýmsum efnum til að nýta bæði á staðnum og heima. Fram kom hjá stjórnendum að erfitt gæti verið að velja efni í töskuna þar sem gæði þyrftu að vera góð og magnið hæfilegt en innan kostnaðarramma skólans. Nemendur fá sérstakan klæðnað frá skólanum og er gerð sú krafa að þeir klæðist honum. Nemendur fá einnig allt námsefni frá skólanum.

Nemendur á annarri önn töldu að bæta mætti umgjörð námsins á þeirri önn en vegna veikinda kennara hefði komið los á skipulagið sem þeir töldu þó að væri tímabundið vandamál því hingað til hefði allt skipulag verið til sóma.

Að mati kennara og nemenda er námið krefjandi við skólann en einnig gefandi og ýtt undir sjálfstæði og frumlega hugsun nemanda.

5.3 Námsmat

Fjölbreytni í námsmati er annar áherslupáttur í starfi Beauty Academy og uppfyllir skólinn kröfur aðalnámskrár um fjölbreytni. Í bóklegum áföngum eru hefðbundin skrifleg prófi í lok áfanga, í verklegum áföngum eru alltaf verkleg próf í lok áfanga (með einni undantekningu). Nokkrir áfangar eru eingöngu með símati þar sem

⁹ Skólanámskrá Beauty Academy, mars 2012.

símat, s.s. kannanir, verkefnavinna í tíma og heimaverkefni eru nýtt í námsmati. Þetta á sérstaklega við þar sem bóklegu og verklegu námi er blandað saman.

Samkvæmt opinberum gögnum skólans byggir námsmat m.a. á:

- verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra
- frammistöðu í kennslustundum og árangri í skyndiprófum
- skriflegu lokaprófi sem reynir á þekkingu á efnisatriðum og rök fyrir tengslum ólíkra efnisþátta
- verklegum prófum

Á hverri önn eru samanlagt 16 verkleg og 16 bókleg próf sem deilast niður á þrjá nemendahópa. Í kennsluáætlun hvers áfanga kemur fram hvernig námsmat kennara er háttað. Hverri námsönn lýkur með prófum. Til að standast símatsáfanga þarf einkunnina 7,0, annars 5,0 í hefðbundnum bóknámsáföngum. Lengd skriflegra prófa er almennt 1,5 klukkustund en lengd verklegra prófa er frá 10 mín upp í 1,5 klukkustund.

Nái nemandi ekki lágmarks einkunn hefur hann ekki staðist áfangann og verður að preyta upptökupróf til að eiga rétt á að taka næsta áfanga á eftir. Upptökupróf fara fram á sama tíma og sjúkrapróf.

Einkunnir eru gefnar í heilum tölum frá 1,0 til 10,0.

Einkunnin 10,0 vísar til þess að 95 -100% markmiða hafi verið náð:

9,0: 85–94% **6,0:** 55–64% **3,0:** 25–34%

8,0: 75–84% **5,0:** 45–54% **2,0:** 15–24%

7,0: 65–74% **4,0:** 35–44% **1,0:** 0–14%

Nemendur töldu námsmatið sanngjarnt og að þeir þyrftu að vinna fyrir góðum einkunnum. Prófsýning er að loknum prófum og töldu nemendur sig hafa greiðan aðgang að kennurum til að ræða um prófin ef þeir væru ekki sáttir við niðurstöðuna.

Mæting skiptir miklu máli í skólanum, sérstaklega í verklega tíma og er mætingaviðmið 90% sem hefur gengið heilt yfir mjög vel með örfáum undantekningum, s.s. vegna veikinda barna. Annir eru stuttar og nemendur fljótir að dragast aftur úr ef þeir missa meira en einn dag úr og því er reynt að styðja við nemendur til að auðvelda þeim að sækja skólann. Ef nauðsynlegt er þá hefur nemendum einstaka sinnum verið boðið að taka börn með sér í skólann og reynt að skapa þeim leiksvæði. Nemendur eru almennt áhugasamir um námið og kom fram í máli stjórnenda að "skemmtilega margir eru með 100% mætingu".

Skólasóknareinkunn ræðst af skólasókn samkvæmt töflunni hér fyrir neðan.

- 97% upp í 100% gefur einkunnina 10,0
- 95% upp að 96% gefur einkunnina 9,0
- 93% upp að 94% gefur einkunnina 8,0
- 91% upp að 92% gefur einkunnina 7,0
- 89% upp að 90% gefur einkunnina 6,0
- 87% upp að 88% gefur einkunnina 5,0

Ef ástundun náms er slök eða mæting verða skriflegar viðvaranir gefnar nemendum. Ef nemandi hefur fengið tvær viðvaranir er fall í viðkomandi fagi/fögum við þriðju viðvörun.

5.4 Fyrirkomulag starfsnáms og framtíð nemenda

Stjórnendur Beauty Academy telja mikilvægt að nemendur kynnist því nýjasta í faginu hverju sinni og hafi aðgang að nýjum tækjum og nýju efni sem þarf við mismunandi meðferðir sem kenndar eru í skólanum. Mikið hefur verið lagt upp úr að öll aðstaða til verklegs náms sé fyrsta flokks. Verklegi hluti námsins fer fram í nýuppgerðu húsnæði þar sem vel hefur verið vandað til vals á tækjum og mikil áhersla á hentugt skipulag. Bæði kennarar og nemendur lögðu áherslu á ánægju sína með vinnuaðstöðu í skólanum til verklegrar kennslu.

Stjórnendur töldu að ekki væri verið að útskrifa of marga snyrtifræðinga hérlendis og ekki veitti af því að fá unga og ferska nemendur inn í námið. Þeir töldu námið vera góðan grunn undir mörg störf, ekki bara hefðbundna vinnu við margskonar snyrtimeðferðir og nemendur gætu unnið ýmis sölustörf og kynningar. Þeir höfðu áhyggjur af að líftími í starfi sem snyrtifræðingur væri oft ekki langur, t.d. vegna stoðkerfisvanda, og því er lögð áhersla í skólanum á að kynna góða vinnuaðstöðu og kenna rétt vinnubrögð sem geta dregið úr stoðkerfisvanda. Rætt var um að starfsheiti gæfi ranga mynd af starfinu þar sem það fæli ekki bara í sér að snyrta heldur einnig að takast á við margvísleg mein, s.s fóta- og handamein. Mikill metnaður kom fram hjá kennurum fyrir hönd nemenda þar sem þeir töldu þá hafa góðan undirbúning fyrir starfsþjálfun og sáu þá fyrir sér klára sveinsprófið og meistaraéttindin áður en þeir stofnuðu snyrtistofu og ykju þannig fagmennsku og hróður fagsins almennt.

Bjartsýni ríkir fyrir hönd fyrsta hóps sem er að komast á 3 önnina og þarf að komast á samning fyrir starfsnám. Skólinn hyggst aðstoða nemendur við að komast á samning og hefur þegar hafið undirbúning að því en lögð er áhersla á að nemendur verði sjálfir að sýna frumkvæði og áhuga til að komast á samning. Skólinn rekur ekki sjálfur snyrtistofu en rætt hefur verið hvort opna ætti ELITE-snyrtistofu í tengslum við skólann þar sem nemendur gætu hlotið hluta af sinni starfsþjálfun.

Sveinsprófin hafa hingað til verið haldin til skiptis í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og Snyrtiakademíu í Kópavogi en Beauty Academy hefur áhuga á að taka þátt í að halda þessi próf. Skólinn telur mikilvægt fyrir nemendur að hafa kost á að taka prófin í sínum skóla.

Bent var á að það þarf ekki meistaraéttindi í snyrtifræði til að setja upp snyrtistofu og þyrfti að skoða hvort það væri eðlilegt fyrirkomulag miðað við aðrar starfsgreinar. Meistaránám er ekki kennt við skólann.

5.5 Mat úttektaraðila

- Ekki eru allir kennarar Beauty Academy með kennsluréttindi en þeir sem ekki hafa þau eru í nám til að öðlast réttindin og munu því væntanlega allir kennara skólans hafa full réttindi innan skamms.
- Kennsluskipulag virðist vera gott og námið fjölbreytt. Greinilegt er að námið er krefjandi og mikill metnaður bæði hjá nemendum og kennurum.
- Fjölbreytni kennsluhátta í Beauty Academy er talsverð. Skólinn leggur áherslu á fjölbreytnina en það er samt sem áður undir hverjum og einum kennara komið hvernig sú fjölbreytni birtist. Treyst er á hæfni og styrk hvers kennara að útfæra kennsluna í samræmi við markmið námsgreinarinnar. Mikil samvinna er meðal kennara um nýjar útfærslur á námi og kennslu og hafa þeir einnig virkjað nemendur í þeirri hugmyndavinnu. Stjórnendur skólans styðja nýbreytni og nýjungar sem koma á móts við fjölbreyttan nemandahóp.
- Stöðugt er unnið að fjölbreytni í námsmati í Beauty Academy. Markmiðið er að námsmatið mæli ólíka styrkleika nemenda. Kennarar nýta bæði símat og lokapróf og telja lokapróf mikilvægt sérstaklega í verklegum greinum þar sem þau reyni á hæfni nemandans á uppbyggjandi hátt og séu hvetjandi.
- Búnaður og aðstaða til kennslunnar er mjög góður og öll umgjörð og skipulag verklegs náms til sóma þar sem öll tæki eru ný og mikið úrval góðra efna til að vinna með.
- Nýting upplýsingatækni í kennslu er góð og er Facebook og tölvupóstur mikið notað. Rafræn samskipti eru líflæg og styðja nemendur í námi. Hugsanlega gæti notkun á kennslukerfi, s.s. Module, aukið notkun tækninnar og þá sérstaklega utanumhald á námsefni og verkefnum.
- Endurmenntun kennara er í góðu horfi við skólann þó að ekki liggi fyrir endurmenntunaráætlanir. Hugsanlega er framboð námskeiða ekki nægjanlegt eða nógu fjölbreytt og erfitt að sjá með góðum fyrirvara hvað muni verða í boði til að geta gert raunhæfar áætlanir. En kennarar eru duglegir að sækja sýningar og

keppnir sem haldnar eru hér á landi. Mikilvægt er að endurmenntunin spegli áherslurnar í skólastarfinu hverju sinni.

6 Skólabragur og samskipti

6.1 Starfsandi og skólabragur

Allir þeir aðilar sem rætt var við og starfa í skólanum, þ.e. skólastjórnendur, kennarar og starfsfólk voru sammála um að starfsandinn í Beauty Academy væri mjög góður. Samheldni ríkir í starfsmannahópnum. Ýmislegt er gert til þess að halda uppi góðum anda, til dæmis hittast starfsmenn utan vinnutíma til þess að sinna áhugamálum, fara saman á jólahlaðborð og slíkt.


Nemendur eru einnig sammála um að skólabragur við skólann sé góður. Þeir segja að nemendur séu samrýmdir, andinn góður í hópnum og að allir séu jafningjar.

Að sögn nemenda leita þeir mikið til skólastjóra, sem jafnframt leggur áherslu á gott aðgengi að sér og óheft samskipti. Því er verið að koma upp skrifstofu fyrir skólastjóra sem mögulegt er að loka ef/þegar nemendur vilja ræða málefni í trúnaði (í stað núverandi opins skrifstofurýmis).


6.2 Innra mat

Unnið er að innra mati (gæðamati) við Beauty Academy. Kennslumat er framkvæmt reglulega og jafnframt hefur verið framkvæmd könnun meðal nemenda, einkum varðandi líðan og samskipti innan skólans. Niðurstöður hafa almennt verið mjög jákvæðar, en hafa ber í huga að um afar stuttan starfstíma er að ræða og fámennan nemendahóp. Nokkrar helstu niðurstaðna eru settar fram myndrænt hér að neðan:


Mynd 1: Mér líður vel í skólanum?




Mynd 2: Ég fæ viðurkenningu frá kennara þegar ég stend mig vel í tíma?



Mynd 3: Finnst þér þú vera í nægjanlega góðu sambandi við kennarana þína?



Mynd 4: Kennslumat (kvarði = 0 - 5,0)



6.3 Mat úttektaraðila

- Starfsandi og skólabragur við Beauty Academy er góður. Samheldni ríkir á meðal starfsmanna, stjórnenda og nemenda skólans.
- Félags- og tómstundastarf nemenda er með ágætum. Nemendur eru ánægðir með starfið, samheldni ríkir í nemendahópnum og vel stutt við bakið á þeim í félagsstarfinu sem við kemur skólanum.
- Innra mat er unnið við skólann og staðfesta niðurstöður kannana fullyrðingar nemenda um ánægju, góða líðan og kennslu við skólann.

7 Niðurstöður og mat úttektaraðila

Hér á eftir er greining viðmælenda á styrkleikum og veikleikum Beauty Academy líkt og þeir birtust viðmælendum í viðtölum við úttektaraðila. Loks koma helstu niðurstöður matsins (11.2).

7.1 Styrkleikar og veikleikar

<i>Styrkleikar</i>	<i>Veikleikar</i>
<ul style="list-style-type: none">• Nýr skóli með metnaðarfullt starfsfólk• Nýuppgert skólahúsnæði sem er sniðið að starfsemi.• Mjög góður aðbúnaður til verklegar kennslu.• Fjölbreyttir kennsluhættir• Stuttar boðleiðir og persónuleg þjónusta• Fámennur skóli• Vel fylgst með nemendum• Starfsandi og skólabragur mjög góður	<ul style="list-style-type: none">• Fámennur nemendahópur• Fámennur kennarahópur

7.2 Niðurstöður úttektaraðila

- Að mati úttektaraðila hefur skólastarf farið vel af stað í snyrtifræði við Beauty Academy frá og með upphafi árs 2012.
- Um mjög fámennan skóla er að ræða, nemendur innan við 20 þegar vettvangsheimsókn fór fram, en nemendur voru ánægðir með námið.

- Kennarar við skólann eru sex talsins, þar með taldir skólastjóri og kennslustjóri sem jafnframt sinna kennsluskyldum. Í samræmi við kröfu skólans eru allir kennarar ýmist með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi, eða vinna að því að öðlast þau réttindi. Kennarar við skólann eru ánægðir í starfi.
- Aðstaða Beauty Academy er til fyrirmyndar að mati úttektaraðila. Húsnæði skólans í Ármúla var standsett með tilliti til krafna slíks náms, og er bæði bjart og rúmgott. Öll kennslurými, bæði fyrir bóklegt og einkum verklegt nám, auk sameiginlegra rýma voru til fyrirmyndar. Tæki og tól til verklegrar kennslu voru ný, en rétt er að taka fram að hvorugur úttektaraðila eru sérfræðingar í snyrtifræði og því vart dómbærir á gæði umrædds búnaðar.
- Stjórnun skólans er skilvirk að mati úttektaraðila. Verkaskipting er skilgreind og skýr, aðgengi gott að stjórnendum og samskipti virðast almennt opin og óheft. Gætt er að aðkomu helstu hagsmunaaðila við ákvarðanatöku.
- Skólanámskrá Beauty Academy er greinargóð, ágætlega uppsett og aðgengileg á heimasíðu skólans. Starfsfólk og skólastjórnendur koma að gerð skólanámskrár og stefnu skólans. Skýr tengsl eru við aðalnámskrá framhaldsskóla.
- Skólaráð er virkt og samsetning þess í samræmi við kröfur. Fundað er reglulega og var fundargerð ráðsins aðgengilegar úttektaraðilum. Nemendaráð er jafnframt virkt við skólann, trúnaðarmenn nemenda starfandi á hverri námsönn og gætt að andmælarétti nemenda, svo sem við prófsýningar.
- Fjölbreytni kennsluhátta við skólann er talsverð og stjórnendur jafnt sem kennarar meðvitaðir um mikilvægi þess. Stöðugt er unnið að fjölbreytni námsmats í skólanum.
- Starfsandi og skólabragur í Beauty Academy er mjög góður. Samheldni ríkir á meðal starfsmanna, stjórnenda og nemenda skólans. Agavandamál og einelti virðast ekki til staðar.

- Félags- og tómstundastarf nemenda er gott. Nemendur eru ánægðir með starfið, samheldni ríkir í nemendahópnum og vel er stutt við bakið á þeim í félagsstarfinu.
- Við skólann er unnið að innra mati í samræmi við gildandi kröfur. Eðli málsins samkvæmt er innra gæða- og þróunarstarf á byrjunarreit en þegar hefur nokkuð verið unnið á þeim vettvangi, t.d. kennslumat sem og nafnlausar kannanir um líðan nemenda. Starfsmannasamtöl fara fram árlega.

A Viðaukar

A.1 Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2004
- Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011
- Ársskýrsla Beauty Academy: Skólaárið 2012-2013 (2. drög)
- Fundargerð skólaráðs Beauty Academy, dags. 17. janúar 2013
- Heimasíða Beauty Academy (www.fashionacademy.is)
- Lög um framhaldsskóla #92/2012
- Námsáætlanir Beauty Academy, skólaárið 2012/2013
- Reglugerðir um framhaldsskóla, einkum #426/2010 (um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi), #105 (um framhaldsskóla)
- Skólanámskrá Beauty Academy, mars 2012
- Starfslýsing skólastjóra
- Yfirlit yfir brottfall nemenda, vinnuskjal
- Yfirlit yfir menntun kennara, vinnuskjal

A.2 Skólareglur Beauty Academy

1. Nemendum er skylt að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.
2. Mætingarskylda er 90%.
3. Mæti nemandi 15 mín of seint í kennslustund á hann ekki rétt á að sitja kennslustundina án samráðs við kennara.
4. Vinnufriður í kennslustundum er réttur nemenda og kennara.
5. Mæti nemandi ítrekað of seint í kennslustundir fær hann áminningu frá skólastjóra.
6. Missi nemandi vísvitandi af kennslustund er það á ábyrgð nemandans að verða sér úti um viðeigandi kennslugögn. Gildir þessi regla bæði í bóklegum kennslustundum sem og verklegum kennslustundum.
7. Mæti nemandi ekki í kennslustundir án útskýringa, má sá hinn sami eiga von á tiltali frá skólastjóra sem gæti leitt til brottrekstrar.
8. Veikindi og önnur forföll skal tilkynna samdægurs og skila inn vottorði.
9. Veikindi í prófum verður að tilkynna að morgni prófdags og ber að skila inn vottorði innan þriggja daga. Að öðrum kosti missir nemandi rétt til sjúkraprófs.
10. Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skal ríkja milli kennara og nemenda.
11. Nemendur og kennarar skulu sýna umburðarlyndi og tillitsemi í daglegum samskiptum.
12. Miðannarmat fer fram á hverri önn. Uppfylli nemandi ekki skyldur sínar í námi ber kennurum og/eða skólastjóra að upplýsa viðkomandi um stöðuna og leita leiða til að koma viðkomandi á rétta braut.
13. Verði nemandi uppvís að ítrekuðum brotum á skólareglum eða brjóti viðkomandi reglur skólans á vítaverðan hátt má sá hinn sami eiga von á tiltali frá skólastjóra sem gætu leitt til brottrekstrar.
14. Notkun farsíma, og annarra fjarskiptatækja er með öllu óheimil í kennslustundum, nema um annað sé samið fyrirfram hverju sinni við kennara.
15. Neysla matvæla og drykkja í skólastofum er með öllu óheimil nema samið hafi verið um slíkt við kennara.
16. Nemendum ber að mæta í hreinum vinnubúningum og lágbotna skófatnaði í verklegar kennslustundir.

17. Nemendum ber að gæta fyllsta persónulegs hreinlætis og mæta til að mynda ávallt með hreint hár í verklegar kennslustundir og þeir nemendur sem hafa sítt hár ber að taka það frá andliti.
18. Karlkyns nemendum ber einnig að hafa skegg sitt hreint og vel snyrt.
19. Starfsfólk og nemendur skulu að bera virðingu fyrir faginu og mega undir engum kringumstæðum vera uppvís að því að tala illa um fagið eða aðra fagaðila.
20. Nemendum ber að ganga vel og af virðingu um húsnæði og eigur skólans.
21. Nemendum og starfsfólki ber að leggja bílum sínum löglega við húsnæði skólans.
22. Nemendum og starfsfólki ber að ganga vel um lóð skólans.
23. Reykingar og notkun annarra vímuefna er með öllu óheimil í skólanum og á skólalóð.
24. Þjófnaður á munum skólans, nemenda eða starfólks skólans er undantekningarlaust kærður til lögreglu sbr. 2.mgr.1 gr. Stjórnsýslulaga.
25. Skólaráð skal fjalla um öll alvarleg brot á skólareglum.
26. Leitast er eftir að leysa ágreiningsmál innan skólans.
27. Skólinn skal veita nemendum með sérþarfir þá þjónustu sem viðeigandi er hverju sinni sbr. 2.gr.laga nr.59/1992

A.3 Dagskrá vettvangsheimsóknar

Dagskrá vettvangsheimsóknar 27/02/2013:

10:00	Fundur með nemendum
11:00	Vetvangsskoðun
12:00	- Hádegishlé –
13:00	Fundur með stjórnendum
14:30	Fundur með kennurum